

Ljósleiðari í Fellabæ Múlapingi

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsiðu
Loftmynd af Hlöðum/Fellabæ frá 1955, Landmælingar Íslands

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	5
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	5
6.	Niðurstöður	7
7.	Heimildaskrá	9

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3108

Tilgangur úttektar:
Lagning ljósleiðara

Staðsetning:
Fellabær, Múlaþingi

Dagsetning vettvangsferðar:
28. september 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Fulltrúi Austurljóss var í sambandi við minjavörð Austurlands varðandi fyrirhugaða lagningu ljósleiðara í Fellabæ. Meðfylgjandi erindinu voru teikningar af strengleiðinni. Þar sem ekki liggur fyrir staðfest fornleifaskráning innan svæðisins kynnti minjavörður sé fyrirhugaða strengleið og fyrirbyggjandi heimildir.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið

2. Fyrri rannsóknir

Árið 1997 vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir Fellahrepp og nær sú skráning fyrir það svæði sem hér er fyrirhugað að framkvæmda innan. Sú skráning uppfyllir hinsvegar ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands þar sem fornleifar voru t.d. ekki mældar upp. Árið 2001 vann Fornleifastofnun Íslands ses. einnig fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka og nær sú skráning yfir svæðið næst fljótsbakknum en sú skráning uppfyllir heldur ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands þar sem fornleifar voru t.d. ekki mældar upp.

3. Staðhættir

Fellabær byggist upp í kringum verslun og slátur- og frystihús hjá Hlöðum upp úr 1960. Bærinn stendur í landi Ekkjufellssels og Ekkjufells en nokkur nýbýli frá Ekkjufelli voru áður stofnuð og eru nú hluti af þéttbýlinu, s.s. Brúarland (1953-1954) og Helgafell (1936).

Áformað er að leggja ljósleiðarann innan þéttbýlisins. Strengurinn verður lagður á milli gatna og húsa og verður að mestu í röskuðu svæði. Svæðið utan þéttbýlisins er nokkuð gróið en klappir eru að finna víða. Framkvæmdarsvæðið er óraskað norðaustan við Fífuhvamm en þar hallar landið til austur að Lagarfljótinu og er það vel gróið af grasi, mosa og lyngi auk kjarri. Svæðið innan þéttbýlisins sem hefur ekki verið tekið undir byggð er einnig vel gróið.

4. Rannsókn – aðferð

Minjavörður kynnti sér fyrirhugað framkvæmdarsvæði auk þess að kynna sér fyrirbyggjandi ritheimildir, s.s. örnefnaskrár, túnakort, eldri fornleifaskráningu og aðrar ritaðar heimildir.

5. Fornleifaskrá

Sex minjastaðir eru þekktir í nálægð við fyrirhugaða strenglögna.

- 3108-1** *Niðurgröftur, óþekkt.* Norðan við Fífuhvamm, innan lóðar sem er merkt nr. 4, var að finna niðurgröft. Ekki liggur fyrir hvort um sé manngerð eða náttúrulegt fyrirbrigði að ræða. Niðurgröfturinn er sporöskjulaga og um 2x1.5m. Strenglögna mun koma til með að liggja um 1,5m frá ystu mörkum minjanna.



Mynd 2 – Horft til vesturs yfir 3108-1

- 3108-2** *Gata, leið.* Norðan við Fífuhvamm 6 má greina reiðgötur sem liggja meðfram Lagarfljótinu. Á loftmyndum frá miðri síðustu öld má sjá að þær lágu á vesturbakka Lagarfljótsins og náðu lengra suður og norður. Í skrá Helga Hallgrímssonar segir að miklar götur liggi að Vaðbala sem er norðan við svæðið og líklegast er hér um að ræða sömu götur en frá Vaðbala var Einhleypingsvað.


Á vettvangi má greina nokkuð djúpar rákir á svæðinu sem er að öðru leyti mjög gróið. Sunnar eru göturnar horfnar sökum trjágróðurs.

Strenglögnin mun koma til með að fara í reiðgöturnar.




Mynd 3 – Horft til norðurs yfir 3108-2

- 3108-3** *Örnefni, eyktarmark.* Hæð sem gengur undir nafninu Hádegishöfði en hann var eyktarmark frá Ekkjufellsseli. Hæðin er nokkuð gróin og búið er að byggja þétt við hana. Strengurinn mun liggja í gegnum garð Hamrafells 2-4 og er því ólíklegur til að raska minjastaðnum.



Mynd 4 – Hádegishöfði á loftmynd frá 1955.

- 3108-4** *Heimild, þvottastaður.* Utan við Skipalækinn er tangi sem kallaður er Ullartangi. Hann er við enda samnefndrar götu. Sagt er að vatn hafi verið hitað suðvestan megin á tanganum en hann allur notaður þegar þvegið var. Tanginn er vel gróin. Strenglögnin mun koma til með að liggja í röskuðu svæði og mun ekki ná inn á tangann.



Mynd 5 – Ullartangi á loftmynd frá 1955

- 3108-5** *Heimild, verslunarhús.* Þegar vegur kom að Lagarbrú og þar með vegsamband við Reyðarfjörð og Seyðisfjörð var sett upp geymsluhús við brúarendann þar sem afgreidd var vara og tekið á móti sláturfé. Þetta hús var nefnt Skúrinn og síðar fékk staðurinn nafnið Hlaðir. Upp úr 1960 var stofnað félagið Verslunarfélag Austurlands og þá var sett upp verslun og síðar slátur- og frystihús hjá Hlöðum. Á loftmynd frá 1955 má sjá hús á svæðinu en þau sjást ekki í dag. Núverandi hús á Hlöðum er reist eftir 1955. Þar sem eldri húsinn stóðu er í dag malbikað plan.



Mynd 6 – Hlaðir á loftmynd frá 1955

Strenglögnin er lögð utan við svæðið þar sem eldri húsin stóðu.

3108-6 Örnefni, landamerki. Í örnefnaskrár fyrir Ekkjufellssel er talað um landamerkið Grástein. Í síðari örnefnaskráningum kemur fram að steinninn hefur einnig gengið undir nafninu Stóristeinn auk Steinsins á Ásnum. Hann er staðsettur innan lóðar Brekku-brúnar 1. Hann er rétt utan áhrifasvæðis strenglagnarinnar.



Mynd 7 – Grásteinn, mynd af ja.is

6. Niðurstöður

Fyrirhugaðar framkvæmdir eiga sér að mestu stað í þegar röskuðum svæðum, þar sem nú þegar liggja slóðar, í görðum eða meðfram götum.

Af þekktum minjastöðum innan svæðisins eru tveir þeirra í hættu. Niðurgröftur er nálægt fyrirhugaðri strengleið en með merkingu og að reyna að hnika strenglögninni örlítið fjær honum ætti honum ekki að stafa hættu. Strengurinn liggur alveg við og mögulega örlítið í reiðleiðunum. Mikilvægt er að fara með aðgát og hnika strengnum örlítið vestar til að hlífa minjunum.

Öðrum minjastöðum ætti ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum sé tekið tillit til þeirra.



Mynd 8 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.

7. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson. (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra virkjunar við Kárahnjúka*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*. Búnaðar-samband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1991). *Skógræktarsvæðið Kross – Ekkjufell – Sel – Urriðavatn – Skógargerði*. Sótt af: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21321>

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir. (1997). *Fornleifa-skráning í Fellahreppi*. Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Ekkjufell. (1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Ekkjufellssel. (1919-1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Ekkjufell. (2007). Skráð af Baldri Grétarssyni eftir eldri skráum. Örnefnasstofnun Íslands.

Örnefnaskrá Ekkjufell. (1971). Skráð af Eiríki Eiríkssyni. Örnefnasstofnun Íslands.

Myndaskrá

Mynd 1 – Úttektarsvæðið	4
Mynd 2 – Horft til vesturs yfir 3108-1	5
Mynd 3 – Horft til norðurs yfir 3108-2.....	6
Mynd 4 – Hádegishöfði á loftmynd frá 1955.	6
Mynd 5 – Ullartangi á loftmynd frá 1955.....	6
Mynd 6 – Hlaðir á loftmynd frá 1955.....	6
Mynd 7 – Grásteinn, mynd af ja.is	7
Mynd 8 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.....	8

Viðaukar

Punktaskrá
Landupplýsingar